



HARPA

# Salir Hörpu Heillandi umgjörð listviðburða

Útgefið í desember 2019. Með fyrirvara um breytingar.

## Leiga á sölum í Hörpu

Salur	Verð m/ vsk.
<b>Eldborg</b>	1.563.000 kr.
Miðast við að allir inngangar séu mannaðir einum þjónustufulltrúa.	
<b>Silfurberg</b>	525.000 kr.
Miðast við að notast sé við einn inngang og einn þjónustufulltrúa. 26.288 kr bætast við aukalega fyrir þjónustufulltrúa ef gestir fara yfir 400.	
<b>Silfurberg - 1/2 salur</b>	290.000 kr
Miðast við að notast sé við einn inngang og einn þjónustufulltrúa.	
<b>Norðurljós</b>	377.500kr
Miðast við að notast sé við einn inngang og einn þjónustufulltrúa. 26.288 kr bætast við aukalega fyrir þjónustufulltrúa ef gestir fara yfir 300.	
<b>Kaldalón</b>	155.000 kr.
Miðast við að notast sé við einn inngang og einn þjónustufulltrúa.	

Verðin fylgja vísitöluhækkunum á milli ára.  
Staðfestingargjald til að tryggja bókun er 20% af salarleigunni.

## Starfsfólk

### Viðskipta- og verkefnastjóri Hörpu

Eru tengiliðir viðburðarhaldara við húsið. Viðskiptastjóri gerir samning og hefur milligöngu í samskiptum við mismunandi deildir hússins. Þegar viðburður nálgast tengir hann viðburðahaldara við verkefnastjóra á tæknisviði sem þarfagreinir og tekur við umsjón viðburðar.

### Öryggisgæsla

Í húsinu er hefðbundin öryggisgæsla. Þarfnist viðburður viðbótaröryggisgæslu er greitt fyrir hana sérstaklega.

### Sviðsstjóri

Sviðsstjóri fylgir salarleigu á leigutíma. Krefjist viðburður fleiri sviðsmanna er greitt fyrir þá sérstaklega.

### Þjónustufulltrúar

Þjónustufulltrúar eru gestum til aðstoðar, skoða miða við innganga og veita gestum almennar upplýsingar.

### Ljósamenn

Ljósamaður skal ávallt vera bókaður ef breytingar eða hreyfingar á ljósum þurfa að eiga sér stað á viðburði.

## Sætafjöldi sala í Hörpu

Salir	Í sæti	Standandi
<b>Eldborg</b>		
• Órafmagnað	<1655*	—
• Rafmagnað	<1509	—
<b>Silfurberg</b>		
• Órafmagnað/rafmagnað	<820	<1300
<b>Norðurljós</b>		
• Órafmagnað/rafmagnað	<520	<650
<b>Kaldalón</b>		
• Órafmagnað/rafmagnað	<195/160*	—

\*Breytilegur fjöldi sæta eftir stærð sviðs og umfangi viðburða.  
Tölurnar í töflunni eru hámarkstölur.

### Tímaviðmið og álagsákvæði

Hefðbundinn leigutími er frá kl. 11:00 til 23:00 á tónleika-degi. Greitt er aukalega fyrir tíma utan þessa tímaramma. Leiguverðið miðast við stakan viðburð. Fyrir endurtekinn viðburð samdægurs er tekið viðbótarálag sem nemur 50% af salarleigu.

### Tæknimenn

Vinna tæknimanna er ekki innifalin í salarleigu. Harpa býður upp á tækniþjónustu á ýmsum sviðum sem greitt er fyrir sérstaklega. Greiða þarf fyrir vinnu tæknimanna á viðburðum og fyrir uppsetningu og niðurtækt á búnaði. Starfsmenn hússins sjá alltaf um að setja upp búnað. Viðburðahaldarar eiga þess kost að koma með sína eigin tækni- og sviðsmenn, með samþykki tæknistjóra Hörpu. Fyrir hvern slíkan mann þarf að greiða fyrir yfirsetu tæknimanns Hörpu.

### Hljóðmenn

Gera skal ráð fyrir einum eða fleiri hljóðmönnum þegar uppmögnun er krafist á viðburði.

### Myndtæknimenn

Gera skal ráð fyrir myndtæknimanni þegar skjávarpi eða önnur myndræn viðfangsefni koma við sögu á viðburði.

## Aðstaða, búnaður og þjónusta innifalið

Í öllum sölum Hörpu er boðið upp á fyrsta flokks hljóðkerfi og ljósabúnað. Utanaðkomandi búnaður er ekki leyfður nema sérstaklega sé um það samið.

### Salarleigu fylgir eftirfarandi búnaður:

#### Hljóðbúnaður

Í hverjum sal er hátalarakerfi sem snýr að áhorfendum. Kerfið sér um að dreifa uppmögnuðu hljóði jafnt til áhorfenda hvar sem þeir eru staðsettir. Til þess að notast við hátalarakerfið þarf að leigja hljóðblöndunarborð sem tengist því. Með leigu á hljóðblöndunarborðum opnast möguleikar á notkun hljóðkerfis fyrir viðburði sem krefjast uppmögnunar á hljóði.

#### Ljósabúnaður

Hverjum sal fylgir grunnljósabúnaður, þ.e. hvít sviðslýsing.

#### Svið

Breytilegar stærðir eftir sölum. Í Silfurbergi og Norðurljósum er miðað við staðlaða sviðsstærð: 8 m × 5 m × 0,8 m (breidd × dýpt × hæð)

#### Sæti

Föst eða færanleg eftir sölum. Í Eldborg og Kaldalóni eru föst sæti en laus sæti í Norðurljósum og Silfurbergi, sem bjóða einnig upp á standandi viðburði.

#### Búningsherbergi

Búningsherbergi með salernum, speglum og sturtum standa listamönnum til boða. Þau eru bókuð í gegnum verkefnastjóra. Aðgengi að búningsherbergjum getur takmarkast af bókunarstöðu hússins.

#### Baksviðsrými

Grænalón er baksviðsrými hússins og er það sameiginlegt rými fyrir alla starfsemi í húsinu. Þaðan er innangengt í Eldborg, Norðurljós og Silfurberg.

#### Rafmagn og hiti

#### Húslýftur og vörulyfta á 2. hæð

Vörumóttaka er við norðausturhorn Hörpu, næst starfsmannainngangi.

#### Aðgangur að þráðlausu interneti

Aðgangur fyrir listamenn og viðburðarhaldara.

#### Almenn þrif

#### Húsvarsla

#### Upplýsingar

Upplýsingar um viðburð á vef Hörpu.

#### Auglýsingar

Skjáauglýsing fyrir ofan miðasölu. Mynd eða myndskaið í allt að 10 sek. Stærð 1920 x 1080 px.

## Þjónusta og búnaður greitt fyrir aukalega

### Viðburðir eða móttökur

Í opnum rýmum eða baksviðs.

### Tækniþjónusta

Tækniþjónusta önnur en sú sem er innifalin.

### Viðbótarþjónustufulltrúar

Viðbótarþjónustufulltrúar ef þarf t.d. í fatahengi, dreifingu bæklinga eða annað.

### Leiga á hljóðfærum

Leigja má flygla, píanó og trommusett, auk baklínu (t.d. bassa- og gítarmagnara) hjá Hörpu. Harpa getur haft milligöngu um leigu á öðrum hljóðfærum.

### Sviðspallar

Mismunandi stærðir á sviðum, pöllum og upphækkunum. Greitt er sérstaklega fyrir breytingar á sviði frá því sem innifalið er í leigunni.

### Veitingar og móttaka

Í Hörpu er starfrækt mótuneyti fyrir starfsmenn hússins og gesti baksviðs. Aðkeyptar veitingar frá öðrum en veitingaaðila hússins eru ekki leyfðar. Pantar má veitingar sérstaklega fyrir hópa með milligöngu verkefnastjóra.

### Viðbótaröryggisgæsla

Hægt er að kaupa viðbótaröryggisgæslu sé þess þörf.

### Skjávarpar og annar myndbúnaður

Skjávarpa, LED skjái og annan myndbúnað er hægt að fá leigt af Hörpu.

### Upptökur

Í Hörpu er aðstaða til mynd- og hljóðupptöku. Hafi viðburðahaldari áhuga á að taka upp viðburð getur hann keypt slíka þjónustu af Hörpu.

### Viðbótarhljóðbúnaður

Fyrir viðbótarbúnað\* þarf að greiða sérstaklega. Ekki er heimilt að koma með eigin búnað, nema hljóðfæri og tæki þeim tengdum.

\* Viðbótarhljóðbúnaður: Annar búnaður en FOH-PA (Public Address) hátalarakerfi, t.d. hátalarkerfi sem nýtist hljómsveitarmeðlimum á sviði, hljóðnemar, statíf, snúrur (aðrar en þær sem eru tengdar FOH-PA) og önnur tæki tengd hljóði.

### Viðbótarljósabúnaður

Fyrir viðbótarbúnað\* þarf að greiða sérstaklega. Ekki er heimilt að koma með eigin búnað. Boðið er upp á ljósaönnun sé þess óskað.

\* Viðbótarljósabúnaður: Mikið úrval af ljósabúnaði er til í húsinu, þ.m.t. spotljós, hreyfiljós og mistvél.

### Hljóð- og myndupptökur

Ekki er heimilt að koma með eigin búnað en upptökubúnað og vinnu má leigja hjá Hörpu.

### Auglýsingar

Kaupa má auglýsingar á skilti við Sæbraut og í ljósaskilti við miðasölu til kynningar fyrir viðburði. Þessar auglýsingar þarf að pantar með góðum fyrirvara (upplýsingar á vef Hörpu undir handhæg skjöl).

## Aðgengi

Inngangur inn á baksvið er á fyrstu hæð, norðaustanmegin í húsinu.



## Miðasala

Leigutaka ber að nota miðasölukerfi Hörpu eingöngu. Miðar eru seldir á vefsíðunum [www.harpa.is](http://www.harpa.is), [www.tix.is](http://www.tix.is) og í miðasölu Hörpu í síma 528 5050 (milli 12:00–18:00).

Miðasalan er í Hörpu er opin kl. 10:00–18:00 alla daga vikunnar, eða fram að viðburði þegar það á við.

Fyrirkomulag miðasölu er ákveðið í samráði við viðskiptastjóra. Miðasölupóknun er 7% + vsk. Gjald er tekið fyrir boðsmiða. Hámark boðsmiða er 10% af heildarmiðafjölda.

## Uppgjör viðburða

Viðburður er gerður upp 10.–15. dag næsta mánaðar, eftir að viðburður hefur átt sér stað. Almennir samningsskilmálar eru aðgengilegir á vefsíðu Hörpu og það er mikilvægt að leigutakar kynni sér þá vel.

## Bókunarferli

**Áður en þú bókar er gott að hugleiða eftirfarandi atriði:**

- Henta salir Hörpu verkefninu þegar litið er til stærðar, kostnaðar og möguleika í aðsókn?
- Gengur verkefnið upp tímalega? Hversu mikill tími er nauðsynlegur til undirbúnings og hvaða tækniþarfa krefst verkefnið? Hafið sérstaklega í huga sviðsumgjörð, hljóð-, mynd- og ljósabúnað.

Til þess að bóka sal fyrir listviðburð í Hörpu skal hafa samband við tónlistarsviðið í tölvupósti á [tonleikar@harpa.is](mailto:tonleikar@harpa.is) eða símleiðis í síma 528 5000.

Þegar viðburður er bókaður er æskilegt að umfang hans liggja fyrir, svo sem upplýsingar um tegund viðburðar, fjölda flytjenda og tækniþarfir.